

# JÁRNGJÖF Á MEÐGÖNGU

Ekki er mælt með járnkjöf til heilbrigðra kvenna í eðlilegri meðgöngu.

Þegar barnshafandi kona er greind með járnskortsblóðleysi er fyrsta meðferð járnríkt fæði og járnlyf.

Fullur skammtur er 200mg Fe++ á dag, t.d. T. Duroferon 1x2. Ekki er vert að taka stærri skammt en minni skammtur í lengri tíma getur gert sitt gagn.

Járnið frásogast og nýtist betur ef það er tekið með C vítamíni (tbl. eða matur). Kaffi, kakó, te og mjólkurmatur getur dregið úr nýtingu járnsins.

Fyllsta ástæða er til að reyna þessu meðferð til þrautar. Ef meðferð þessu ber ekki árangur þarf að skoða hvað veldur og hafa mismunagreiningar í huga.

Í stöku tilvikum getur járnmeðferð í æð komið að gagni. Almennt er mælt með því að járn í æð sé gefið á sjúkrahúsi vegna hættu á alvarlegum ofnæmisviðbrögðum.

Skrifa þarf lyfseðil og konan hefur lyfið meðferðis: Rp.Venofer 20mg/ml, 5 ampullur á 5ml. Panta þarf tíma í dagönn kvennadeildar LSH.

Venja er að gefa þessi 500 mg í þremur skömmtum:

- Eina amp. á degi 1
- Tvær amp. á degi 3
- Tvær amp. á degi 5

Oftast er hæfilegt að mæla blóðhag 2 vikum eftir að iv meðferð lýkur og meta þörf á frekari meðferð.

Í einstaka tilvikum er lyfið Monofer gefið ef þörf er á að hækka hemoglobin gildi hratt og er það gert í samráði við blóðmeinafræðing.

- Sjá fróðleiksmola um Blóðhag og blóðleysi.